

**Ed.**

## **466. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Við 42. gr. Á eftir greininni komi

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingu húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.
2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika til þess að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara.

Ráðherra er heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í þessu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegum vinnu í sveitum landsins.